


Teikn á lofti ehf
Halldór Jóhannsson
Skipagötu 12
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. apríl 2009
Tilvísun: UST20090100158/ksj

Aðalskipulag Ólafsfjarðar 1990-2010 tillaga að breytingu Hesthús og æfingasvæði hestamanna

Vísað er til erindis teiknistofunnar Teikn á lofti er barst þann 22. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990 – 2010. Hesthús og æfingasvæði hestamanna. Fram kemur í greinargerð með uppdrætti er fylgir erindinu að breytingin felur í sér að hesthús og æfingasvæði hestamanna munu flytjast af svæði sem skilgreint er sem ofanflóðasvæði með hættustigi C og yfir á 7 ha svæði sem liggur að Ólafsfjarðarvatni, eða eins og segir í greinargerðinni: „Í gildandi aðalskipulagi er svæðið sem breytingin tekur til skilgreint sem Opið svæði, óbyggt en verður nú skilgreint sem Opið svæði til sérstakra nota og nánar skilgreint sem hesthús og æfingasvæði hestamanna. Svæðið sem um ræðir er um 7. ha að stærð.“

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagsbreytinguna.

Náttúruminjar

Ólafsfjarðarvatn er a náttúruminjaskrá (539), en í skránni segir „ Ólafsfjarðarvatn, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu. (1) Vatnið allt ásamt ósi. (1) Strandvatn, 270 hektarar. Mjög sérstætt náttúrufrýrbrigði. Ferskt vatn flýtur ofan á söltu og verkar sem gler í gróðurhúsi á neðri lög. Mikið og fjölbreytt lífríki.“

Auk þess að vera svo sérstætt náttúrufrýrbrigði fellur vatn af þessari stærðargráðu einnig undir 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en þar segir: „Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- Eldvörp, gerviggar og eldhraun
- Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri.....“

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal ekki gera ráð fyrir framkvæmdum nær ám og vötnum en 50 metrar eða eins og segir í grein 4.15.2 reglugerðarinnar: „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.“

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem Ólafsfjarðarvatn er sérstætt náttúrufrýrbrigði á náttúruminjaskrá er ekki mælt með framkvæmdum nær vatninu en 100 metrar. Eins og fram

kom í umsögn stofnunarinnar við fyrirspurn er barst á síðasta ári um framtíðarsýn er sett var fram um framtíðarnýtingu þessa sama svæðis og var svarað með bréfi dags. 28. mars 2008, telur Umhverfisstofnun hesthús með þeirri starfsemi er þeim fylgir ekki hentug á svæði við svo viðkvæmt vatn.


Byggingasvæði

Samkvæmt uppdrætti er fylgir erindinu er opið svæði til sérstakra nota sem ætlunin er að flytja hesthús og æfingasvæði hestamanna á, einnig að stórum hluta inni á ofanflóðasvæði með hættustigi C og allt svæðið er inni á hættusvæði B. Umhverfisstofnun bendir á að vegna hættusvæðis C eru svæði fyrir byggingar afar takmörkuð á ofangreindu svæði. Umhverfisstofnun telur að koma eigi fram á uppdrætti fjarlægð jafnhættulínu C frá manngerðri strönd Ólafsfjarðarvatns.


Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er fyrirhuguð hesthúsabyggð staðsett of nálægt Ólafsfjarðarvatni en vatnið er talið vera mjög sérstætt náttúrufrýrbrigði. Að mati Umhverfisstofnunar er hættu á að mengun berist frá hesthúsabyggð í vatnið og rýri þannig verndargildi þess.

Virðingarfyllt



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun